



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til breytinga á raforkulögum (viðskiptakerfi raforku) UMH23060125
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	4.10.2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Allt frá gildistölu núgildandi raforkulaga hefur verið í lögnum sérstök heimild fyrir flutningsfyrirtækið Landsnet til þess að reka raforkumarkað. Þá er í 18. gr. a laganna ákvæði sem fjallar um leyfisskyldu aðila (annarra en flutningsfyrirtækið Landsnet) til að reka raforkumarkað. Ekki er tilgreint með ítarlegum hætti hvað fellur undir 18. gr. a, en samkvæmt skilgreiningu laganna (15. tl. 3. gr.) er það "skipulegur markaður með raforku". Skýra þyrfti nánar hvaða starfsemi félli þar undir.

Þannig gera raforkulög ráð fyrir rekstri skipulegs raforkumarkaðar en í lögnum er ekki fjallað um háttsemi aðila á raforkumarkaði né gagnsæi. Til samanburðar er í V. kafla laganna fjallað um leyfisbindingu raforkusölu, skilyrði fyrir leyfi, skyldur leyfishafa og orkusölusamninga.

Af því tilefni er talið nauðsynlegt að í lögnum verði nánar fjallað um skyldur leyfishafa til reksturs skipulegs raforkumarkaðar, skyldur aðila sem nota slík kerfi og eftirlit.

Innan Evrópusambandsins gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1227/2011 (REMIT). Reglugerðin hefur ekki verið tekin upp í EES- samninginn en í Norðmenn hafa tekið meginreglur reglugerðarinnar upp í norskan rétt. Markmið REMIT er að stuðla að trausti á orkumarkaðinum. Er það gert með því annars vegar að kveða á um upplýsingaskyldu vegna innherjaupplýsinga og tryggja þannig jafnt aðgengi að verðmótandi upplýsingum á markaði. Hins vegar með banni við markaðsvikum, þ.e. að aðilar notfæri sér óopinberar verðmótandi upplýsingar á kostnað annarra á markaði. Markaðssvik er hugtak sem nær yfir innherjasvik, ólögmetna miðlun innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að ná utan um skyldur rekstraraðila skipulegs viðskiptakerfis með raforku, skyldur aðila á markaði og eftirlit.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í gildandi lögum og reglum er ekki mælt fyrir um háttennisreglur á raforkumarkaði, eftirlit með slíku eða eftirlit með rekstri skipulegs viðskiptakerfis raforku.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í orkustefnu til ársins 2050 kemur fram að orkuöryggi og tryggt orkuframboð sé grundvallarþáttur í þjóðaröryggi Íslands. Einnig að neytendur hafi jafnt og öruggt aðgengi að orku á samkeppnishæfu verði á virkum orkumarkaði og að stuðlað skuli að virkum raforkumarkaði.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Aukið gegnsæi í verðmyndum á heildsölumarkaði er ein mikilvægasta forsenda þess að unnt sé að bæta virkni markaðarins. Með bættri virkni á markaði væri stuðlað að jafnvægi í framboði og eftirspurn raforku og þar með auknu öryggi fyrir alla notendur á almenna raforkumarkaðinum.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Skortur á umgjörð, hátternisreglum og eftirliti kynni að leiða skorts á virkni og trúverðugleika skipulegs viðskiptakerfis sem gæti komið niður á neytendum sem og raforkuöryggi.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Þær breytingar sem þarf að ráðast í er að miklu leyti hægt að framkvæma með reglugerð. Þó má vænta þess að ákveðnar breytingar séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að hafa trausta lagastoð. Er þar sérstaklega átt við reglur sem varða háttsemi aðila á raforkumarkaði, eftirlit og möguleg viðurlög við brotum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Ráðgert er að gera afmarkaðar breytingar á V. kafla raforkulaga þar sem fjallað er um viðskipti með raforku.

Einnig er mögulegt að bæta við lögina sérstökum kafla þar sem fjallað væri alfarið um skipulegan raforkumarkað.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Ráðgert er að gera afmarkaðar breytingar á V. kafla raforkulaga þar sem fjallað er um viðskipti með raforku. Er það talið einfaldara heldur en að bæta í lögum nýjum kafla.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

- Leyfisveiting verði færð frá ráðherra til Orkustofnunar
- Nánar skilgreint hvaða starfsemi krefst leyfi til rekstrar skipulegs raforkumarkaðar.
- Mælt fyrir um tilteknar grundvallar hátternisreglur aðila á markaði og til hverra þær reglur taka (kaupandi, seljandi, miðlari)
- Mælt fyrir um eftirlit með rekstri skipulegs viðskiptakerfis sem og eftirlit með aðilum á markaði.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Eins og fram er komið gildir innan Evrópusambandsins reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1227/2011 (REMIT). Gerðin hefur ekki verið tekin upp í EES samninginn en gert er ráð fyrir að tekið verði mið af tilteknum þáttum reglugerðarinnar.

Áformin varða atvinnufrelsi, þ.e. gagnvart rekstraraðila viðskiptakerfis raforku sem og aðila á markaði.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Rekstraraðilar viðskiptavettvanga raforku.

Flutningsfyrirtækið Landsnet.

Raforkuframleiðendur.

Söluaðilar raforku.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Reglurnar sem áformin varða eiga sér ákveðna hliðstæðu í reglum á fjármálamörkuðum.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Ráðuneytið hefur átt samráð við Elma orkusviðskipti ehf., sem stofnað var í þeim tilgangi að reka skipulegt viðskiptakerfi fyrir raforku.

Samráð við raforkueftirlit Orkustofnunar.

4. Fyrirhugað samráð

Birting áforma þessara í samráðsgátt stjórnvalda. Áframhaldandi samráð við Orkustofnun.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Í orkustefnu til ársins 2050 kemur fram að orkuöryggi og tryggt orkuframboð sé grundvallarþáttur í þjóðaröryggi Íslands. Einnig að neytendur hafi jafnt og öruggt aðgengi að orku á samkeppnishæfu verði á virkum orkumarkaði og að stuðlað skuli að virkum raforkumarkaði.

Aukið gegnsæi í verðmyndum á heildsölumarkaði er ein mikilvægasta forsenda þess að unnt sé að bæta virkni markaðarins. Með bættri virkni heildsölumarkaðarins væri stuðlað að jafnvægi í framboði og eftirspurn raforku og þar með auknu öryggi fyrir alla notendur á almenna markaðnum.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Ekki fæst séð að sérstakan tíma þurfi til undirbúnings/aðlögunar

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Virkt eftirlit og þekking innan stjórnsýslunnar.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Aukin virkni og aukið gagnsæi í verðmyndun á raforkumarkaði gæfi til kynna að vel hefði tekist til.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Ekki að svo stöddu.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum